

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. desember 2023

Mál nr. E-5894/2022:

A

(Sjálfur)

gegn

íslenska ríkinu

(Soffía Jónsdóttir lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 29. nóvember 2023, höfðaði A, [...], með stefnu birtri 14. desember 2022, á hendur íslenska ríkinu, Arnarhváli við Lindargötu, Reykjavík, til ógildingar á áminningu, til þess að fá dóm um eyðingu gagna og til greiðslu miskabóta.
- Endanlegar dómkröfur stefnanda í málinu eru þessar: (1) Að ógilt verði með dómi sú ákvörðun skólameistara er tekin var [...] 2021, að veita stefnanda skriflega áminningu í starfi, (2) að kveðið sé á með dómi um að eyða skuli eftirfarandi ódagsettum gögnum: Minnispunktum skólameistara, Minnisblöðum aðstoðarskólameistara og Minnismiðum sviðsstjóra, sem stefndi sendi til stefnanda með tölvupósti [...] 2021, (3) að stefndi greiði stefnanda 2.900.000 krónur í miskabætur og (4) að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
- Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins, en ella að málskostnaður verði felldur niður.

Helstu málsatvik

- Atvik málsins eru að mestu leyti óumdeild. Stefnandi, sem er kennari við B og hefur starfað sem sérfræðingur og kennari hjá skólanum frá árinu [...], þ. á m. við fagstjórn og síðar kennslu- og sviðsstjórn, var ásamt þrettán öðrum starfsmönnum boðaður á [...]fund [...]brautar skólans, svonefndan [...]fund, sem haldinn var kl. [...]

miðvikudaginn [...] 2021. Á fundinum voru, auk starfsmanna á [...]sviðinu, fjórir stjórnendur skólans, skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og sviðsstjóri [...]náms.

- 5 Umræður á [...]fundinum munu hafa farið hægt af stað en þróast á þann veg að fagstjórar kjörsviða röktu í stuttu máli starf á sínu sviði. Mun skólameistari meðal annars hafa hrósað [...]sviði skólans fyrir [...], sem sviðið hafði séð um. Gagnrýndi stefnandi í framhaldi af því skólastjórnendur fyrir að fá utanaðkomandi aðila til að sjá um [...], sem stefnandi taldi að hefði ekki staðist faglegar kröfur. Skólastjórnendur munu hafa brugðist illa við gagnrýni stefnanda og brugðist hart við. Umræður hafi farið úr böndunum í kjölfar þessa. Ber þeim er á hlýddu og skýrslu gáfu fyrir dómi saman um að stefnandi hafi orðið mjög reiður á fundinum. Þá er fram komið að skólastjórnendur og þá einkum áfangastjóri skólans og skólameistari hafi svarað fullum hálsi, sem hafi leitt til þess að stefnandi hafi orðið enn reiðari. Hafa sum vitni borið að stefnandi hafi staðið upp, barið í borð, verið einbeittur og talað hátt.
- 6 Engin fundargerð var haldin yfir það sem fram fór á [...]fundinum, sem munu vera hugsaðir sem óformlegur vettvangur fyrir starfsmenn skólans til að láta skoðanir sínar í ljós. Óumdeilt er þó að stefnandi lét orð falla í hita leiksins, sem hann síðar sá eftir að hafa viðhaft. Baðst hann afsökunar á þeim síðar sama dag, sbr. eftirfarandi tölvupóst til sviðsstjóra [...]sviðs B og kennara á sviðinu [...] 2021:: *Sæl. Vildi bara biðja ykkur afsökunar á frumhlaupi á fundinum í morgun. Það hefur ekki gefist tækifæri til að ræða þetta mál með [...] og þegar skólameistari var að hæla [...] frá O þá varð skammhlaup á milli orðagjálfuls og raunveruleika sem braust út í orðflaumi hjá mér. Skusuma...*
- 7 Í tölvupósti til stjórnenda skólans, sem stefnandi sendi sama dag, [...] 2021, sagði hann: *Sæl. Biðst afsökunar á orðflaumnum í morgun og það stóð ekki til að opna þetta mál með óviðkomandi kennurum en stundum erfitt að finna farveg fyrir umræðu. Þegar verið var að hrósa [...] nemenda og fagmannlegheitum þá varð hjá mér skammhlaup á millum orða og raunveruleika sem brast út í orðflaumi og þá slæddust með óviðeigandi orðskrípi sem hefðu betur ekki á málkast. Skusuma...*
- 8 Sama dag, [...] 2021, í beinu framhaldi af [...]fundinum, var annar fundur haldinn í B, svonefndur sviðsstjórafundur, sem mun hafa verið boðaður fyrir [...]fundinn. Á

- sviðsstjórafundinn mættu þeir [...] skólastjórnendur sem setið höfðu [...]fundinn fyrir um morguninn og að auki [...] sviðsstjórar, sem ekki höfðu setið [...]fundinn.
- 9 Af fundargerð sviðsstjórafundarins, sem frammi liggur í málinu með yfirstrikunum, má ráða að jafnvel þótt meginhluti umræðunnar hafi snúist um önnur mál, þá hafi [...]fundur [...]sviðs fyrir um morguninn komið til umræðu á sviðsstjórafundinum. Er meðal annars bókað í fundargerð sviðsstjórafundarins: [...]fundur í morgun. (1) *A með upphot, blótsyrði og svívirðingar í garð stjórnenda skólans.* (2) *Fundinum leið mjög illa eftir kast A á fundinum.* (3) *Svið[s]stjórafundurinn sammála um að nú sé nóg komið af hegðun A.*
- 10 Degi síðar, fimmtudaginn [...] 2021, kl. [...], boðaði skólameistari B stefnanda til fundar morguninn eftir, föstudaginn [...] 2021, kl. [...]. Á fundinn voru boðuð, auk stefnanda og skólameistara, aðstoðarskólameistari, sem setið hafði [...]fundinn og sviðsstjórafundinn, og trúnaðarmaður, sem hvorugan fundinn hafði setið. Fundarefni var í boðun skólameistara sagt vera: *Atvik á sviðsfundi [...]náms sl. miðvikudag – fyrirhuguð áminning í starfi.*
- 11 Stefnandi mætti til boðaðs fundar með skólameistara, aðstoðarskólameistara og trúnaðarmanni [...] 2021, en virðist hafa neitað að tjá sig á fundinum. Er óumdeilt að þar hafi stefnanda verið kynnt að fyrirhugað væri að áminna hann vegna [...]fundarins tveim sólarhringum fyrir. Í málinu liggur jafnframt fyrir bréf skólameistara til stefnanda, dags. [...] 2021, sem stefnanda var afhent á fundinum. Hefur bréfið að geyma tilkynningu til stefnanda um að *ráðgert [sé] að áminna [hann] fyrir framkomu í starfi, sem [sé] óhæfileg og ósamrýmanleg starfinu, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.* Var jafnframt vitnað til almennra siðareglna starfsmanna ríkisins, sem ættu skírskotun í 15. gr. nefndra laga.
- 12 Í bréfi skólameistara til stefnanda, dags. [...] 2021, sagði meðal annars: *Málið snýst um óásættanlega framkomu í garð samstarfsfólks og yfirmanna á sviðsfundi [...]náms miðvikudaginn [...] 2021. Á þeim fundi, fyrirvaralaust og með miklum látum, breyttist hegðun þín í brjálæðislega framkomu með formælingum, blótsyrðum ásamt því að berja í borð, kalla yfirmenn öllum illum nöfnum eins og fávita, vanvita og vitleysinga með órökstuddum ávirðingum um vanrækslu þeirra í sínum störfum. Hrópin, svívirðingarnar og lætin sló öðrum fundargestum skelk í bringu og var fólki vægast sagt mjög brugðið. Þá var jafnframt í bréfinu vitnað til annars atviks, sem sagt var að*

- hefði gerst [...] áður. Kom fram að framferði stefnanda hefði þá verið svipað og á [...]fundinum [...] 2021. Var stefnanda veittur andmælafrestur til [...] [9 dagar] 2021.
- 13 Skömmu eftir að fundi skólameistara og aðstoðarskólameistara með stefnanda og trúnaðarmanni föstudaginn [...] 2021 lauk, nánar tiltekið kl. [...] þann dag, sendi aðstoðarskólameistari B tölvupóst á stjórnendur skólans þar sem sagði meðal annars: *Kennarar úr [...]námi koma í hrönnum til mín, miður sín yfir fundinum á miðvikudaginn og kvíðnir yfir fundinum í [...] á þriðjudaginn. [...] talaði um að fá utanaðkomandi fundarstjóra og mér datt þú í hug [...] hafði einmitt líka látið sér detta það í huga að fá [...]. [...] sat heillengi hjá mér núna og er alveg í steik yfir þessu öllu saman og talar um hræðileg samskipti milli A og [...] litlu skárri í framkomu en A hvað þau varðar. Ég sagði henni að við værum að sjálfsögðu að vinna í þessum málum og að vinna hefði hafist fyrir jól með aðkomu vinnusálfræðings og að við værum að reyna að laga þetta til framtíðar án þess auðvitað að segja henni hvað væri að gerast núna. Hún segist eiga erfitt með að mæta á fundi og segir eins og [...] og fleiri að henni [finnist] hræðilegt að vera alltaf bendluð við hræðilegu brautina, þegar þetta lýsi engan veginn þeirri góðu vinnu sem þó fari fram á brautinni. Vonandi náum við að landa þessu farsællega.*
- 14 Mánudaginn [...] 2021 lagði stefnandi fram kvörtun til menntamálaráðuneytisins þar sem hann kvartaði undan einelti skólameistara í sinn garð. Lauk athugun ráðuneytisins með bréfi til stefnanda, dags. [...] 2023. Var ekki fallist á þau sjónarmið stefnanda að skólameistarinn hefði beitt hann einelti í skilningi reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Er sá þáttur málsins ekki til frekari skoðunar hér.
- 15 Fimmtudaginn [...] 2021, kl. [...], skilaði stefnandi andmælum sínum til skólameistara vegna fyrirhugaðrar áminningar. Hafnaði hann því meðal annars að lagalegar forsendur væru til þeirrar stjórnvaldsákvörðunar sem boðuð hefði verið, hvort sem væru efnislegar eða formlegar. Meðalhófs hefði til að mynda ekki verið gætt, ekki hefði verið skýrt hvernig atvik tengdist þeim lögum sem vitnað væri til og lýsing á atviki væri röng og ósönnuð. Þá var vitnað til þess að tjáningarfrelsið væri varið samkvæmt stjórnarskrá og mannréttindasáttmála.

- 16 Mánudaginn [...] 2021, kl. [...], var stefnandi boðaður til fundar við skólameistara og aðstoðarskólameistara tveimur dögum síðar, [...]. sama mánaðar, kl. [...]. Í skýringu kom fram að um væri að ræða fund um áminningu.
- 17 Stefnandi staðfesti fundarboð skólameistara miðvikudaginn [...] 2021, kl. [...]. Síðar þennan dag var stefnanda veitt áminning, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996, með bréfi skólameistara B til hans, sem sent var stefnanda með tölvupósti skólameistara, kl. [...]. Í áminningarbréfinu sagði meðal annars: *Eftir að hafa farið yfir andmæli þín, sem sett voru fram í tölvupósti dags. [...] síðastliðinn, og málið að öðru leyti, er niðurstaðan sú að þú hafi brotið starfsskyldur þínar með óásættanlegri framkomu í garð samstarfsfólks og yfirmanna á sviðsfundi ([...]fundi) [...]náms miðvikudaginn [...] 2021. Á þeim fundi, fyrirvaralaust og með miklum látum, breyttist hegðun þín í brjálæðislega framkomu með formælingum, blótsyrðum ásamt því að berja í borð, kalla yfirmenn öllum illum nöfnum eins og fávita, vanvita og vitleysinga með órökstuddum ávirðingum um vanrækslu þeirra í sínum störfum. Hrópin, svívirðingarnar og lætin sló öðrum fundargestum skelk í bringu og var fólki vægast sagt mjög brugðið.*
- 18 Áfram sagði í áminningarbréfi skólameistara: *Í framangreindri háttsemi felst brot er tekur til ósæmilegrar framkomu í garð samstarfsfólks sem samrým[i]st ekki starfi þínu sem kennara við B. Vegna þessa og í samræmi við 21. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er þér hér með veitt áminning. Með áminningarbréfi þessu er þér gefinn kostur á að bæta ráð þitt með því að ítreka ekki framkomu af þessu tagi ellegar kann þér að verða sagt upp störfum, sbr. 44. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.*
- 19 Stefnandi brást við tölvupósti skólameistara sama dag, [...] 2021, kl. [...]. Sagði orðrétt í svari stefnanda: *Sæll M og staðfesti móttöku. Óska eftir afriti af öllum gögnum (öðrum en bréfi [...]) sem ákvörðun er byggð á. Mk, A.*
- 20 Þriðjudaginn [...] 2021 sendi stefnandi tölvupóst á svonefnda [...]nefnd, en svo virðist af gögnum málsins sem hann og skólameistari hafi meðal annars setið fundi þeirrar nefndar. Í tölvupóstinum fór stefnandi meðal annars yfir atburði [...]fundarins [...]. sama mánaðar og greindi frá áminningu sem skólameistari hefði veitt honum í kjölfar fundarins. Ræddi stefnandi meðal annars að honum hefði [ofboðið] hræsni skólameistara og að hann hefði haldið örstutta eldræðu og imprað [meðal annars] á

faglegri vanhæfni stjórnenda. Skólameistari hefði veitt honum áminningu í starfi til að reyna [að] þagga niður í honum. Sagðist stefnandi ekki mæta til fundar með skólameistara fyrr en niðurstaða væri fengin í eineltismál og dómsmál vegna áminningar.

- 21 Skólameistari sendi stefnanda þau gögn sem hann hafði beðið um [...] 2021 með tölvupósti miðvikudaginn [...]. sama mánaðar. Mun stefnandi þá fyrst hafa fengið vitneskju um að aðstoðarskólameistari og sviðsstjóri [...]náms hefðu tekið saman minnispunkta, minnisblöð eða minnismiða yfir samtöl sín við aðila sem setið höfðu [...]fundinn [...] sama mánaðar og skráð ummæli þeirra. Daginn eftir, [...] 2021, mun stefnandi hafa farið í veikindaleyfi.
- 22 Mánudaginn [...] 2021 sendi stefnandi kvörtun með tölvupósti á persónuverndarfulltrúa B, með afriti á menntamálaráðuneytið og Persónuvernd, þar sem hann kvartaði undan skráningu skólans á persónuupplýsingum, nánar tiltekið upplýsingum sem skráðar höfðu verið í minnispunkta skólameistara, minnisblöð aðstoðarskólameistara og minnismiða sviðsstjóra [...]náms.
- 23 Síðar sama dag, mánudaginn [...] 2021, var haldinn fundur í B þar sem fundarefnið var sagt vera málefni [...]sviðs. Stefnandi var ekki boðaður á þann fund en aðstoðarskólalastjóri færði fundargerð á fundinum. Bókað er í fundargerðina: *Eftir ákveðið atvik ber M skylda til að bregðast við og biður stjórnendur sem tengjast málinu að gera minnispunkta um það sem hann þarf til að vita um hvað málið snýst. Áður en ákvörðun er tekin skoðar hann um hvað málið snýst og hversu alvarlegt það er. Viðkomandi hefur rétt á að skoða öll gögn um málið, alls sem hefur verið skráð og allt sem kemur til. M ber þá að afhenda öll gögn og er bannað að eiga við gögnin á nokkurn hátt áður en hann afhendir þau.*
- 24 Persónuverndarfulltrúi B greindi frá því á framangreindum fundi að hún hefði fyrst fengið að vita af málinu þá um morguninn er nokkrir starfsmenn hefðu nálgast hana vegna málsins. Hún kvaðst telja rétt að tilkynna um málið til Persónuverndar. Nokkrir starfsmenn tóku, samkvæmt fundargerðinni, til máls á fundinum og lýstu undrun sinni með að samskipti þeirra við stjórnendur hefðu verið skráð niður, án vitundar þeirra. Ef verið væri að safna upplýsinga um þá kváðust þeir vilja vita af því hvaða upplýsingum væri verið að safna.

- 25 Sama dag, mánudaginn [...] 2021, mun persónuverndarfulltrúi B hafa sent tilkynningu eða tilkynningar um öryggisbrest til Persónuverndar. Munu þær ekki hafa leitt til annarra afskipta af hálfu Persónuverndar en svars stofnunarinnar til persónuverndarfulltrúans á árinu 2023, að lokinni yfirferð yfir gögn málsins, þar sem meðal annars kom fram að ekki hafi verið talið að um öryggisbrest hafi verið að ræða.
- 26 Við aðalmeðferð málsins fyrir dóminum gáfu skýrslu tólf vitni. Meginatriði framburða þeirra vitna sem sátu [...]fundinn [...] 2021, sem eru öll vitnin nema eitt, verða rakin í niðurstöðukafla dómsins.

Helstu málsástæður stefnanda

- 27 Stefnandi byggir mál þetta á því að tilkynning skólameistara um fyrirhugaða áminningu hans, sem honum var afhent á fundi [...] 2021, hafi hvorki byggst á mál-efnalegum sjónarmiðum né sé skýrt hvernig meint framkoma hans hafi verið óhæfileg og ósamrýmanleg starfi hans, sbr. upphaflega tilkynningu um fyrirhugaða áminningu, eða ósæmileg, sbr. áminninguna sjálfa. Þá hafi ekki verið ljóst, eða rökstutt, hvernig framkoma hans hafi falið í sér brot gegn almennum siðareglum starfsmanna ríkisins eða lögum. Vísar stefnandi til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 9622/2018 í þessu samhengi. Þá hafi skólameistari upphaflega tengt fyrirhugaða áminningu við eldri atburði, sem ekki sé heimilt samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 72/2000.
- 28 Þá hafi enn fremur skort á það að áminningin hafi verið nægilega skýr og lýsing á því atviki, sem hafi verið tilefni áminningar, hafi verið röng og ósönnuð. Misræmi hafi einnig verið á lýsingu sviðsstjóra, aðstoðarskólameistara og skólameistara sjálfs á umræddu atviki og orðalagi áminningarinnar sjálfar.
- 29 Stefnandi vísar til þess að ekki hafi verið vísað til nokkurra gagna, hvorki á fundi aðila [...] 2021 né í tilkynningu um fyrirhugaða áminningu, og ekki hafi verið upplýst um nein gögn. Nauðsynlegt sé að vísa til viðeigandi gagna þannig að þeim starfsmanni, sem fyrirhugaðri áminningu er beint að, megi vera ljóst um hvað málið snúist og hann geti gripið til viðeigandi andmæla, sbr. 1. mgr. 15. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og áðurnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 72/2000.
- 30 Stefnandi vísar til þess að hann hafi mátt efast um hlutleysi skólameistara B vegna fjandskapar eða vegna þess að slegið hafi í brýnu þeirra á milli. Ekki hafi verið tekin

afstaða til hæfis í áminningunni, eins og áskilið sé í lögum, sbr. 6. tölulið 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. stjórnsýslulaga.

- 31 Stefnandi vísar til þess að þrír af þeim starfsmönnum B, sem sátu umræddan [...]fund og vitnað sé til í minnispunktum skólameistara, minnisblöðum aðstoðarskólameistara og minnismiðum sviðsstjóra [...]sviðs, hafi lýst því að ekki hafi verið rétt eftir þeim haft. Aðkoma vinnusálfræðings að málefnum [...]sviðsins hafi auk þess verið alls ótengd því atviki sem varð tilefni áminningar stefnanda, eða eftirmálum þess.
- 32 Byggir stefnandi enn fremur á því að tjáningarfrelsi hans njóti verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 11. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, sbr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Stefnandi byggir á því að skort hafi umburðarlyndi fyrir faglegri gagnrýni af hálfu stjórnenda B og að með áminningu hans hafi valdi verið misbeitt til þöggunar, með hótun um uppsögn. Skilyrði skertrar tjáningar verði að vera lögfest, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2475/1998. Skyldur opinberra starfsmanna hindri þá ekki í því að setja fram gagnrýni innan síns starfssviðs og yfirmönnum sé óheimilt að setja tjáningarfrelsinu skorður.
- 33 Stefnandi byggir á því að meðalhófs hafi ekki verið gætt, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 8741/2015, þar sem meðal annars komi fram að áminning vegna tjáningar geti haft letjandi áhrif á að opinberir starfsmenn tjái sig, ekki aðeins sá sem í hlut eigi, heldur einnig almennt séð. Hefð sé einnig fyrir leiðbeiningarsamtali innan skólasamfélagsins, sem geti verið undanfari áminningar. Stefnandi vísar einnig til úrskurðar Landsréttar í Danmörku frá 12. janúar 2019, *Schmidt vs Odinsvé*, nr. SRN17060021, þar sem vísað hafi verið til þess að áminning kennara þar í landi hafi verið verulega íþyngjandi, ekki hafi verið farið að réttarreglum stjórnsýslunnar, rannsóknarreglu, réttmætisreglu og meðalhófsreglu, og þannig ekki tekist að sýna fram á að áminning hafi byggt á lögmætum grundvelli og málefnalegum sjónarmiðum.
- 34 Stefnandi byggir á því að upplýsingar hafi verið skráðar með ólögmætum hætti, sbr. IV. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, 26. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og reglur um skráningu og vistun samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Öll meðferð persónuupplýsinga í málinu, hvort sem um sé að ræða greinargerðir um atvik, skráningu munnlegra ummæla, fundargerðir eða tölvupósta, lúti meginreglum persónuverndarlaga nr. 90/2018. Skólameistari teljist ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga og vernd þeirra þáttur í friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar

- og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Viðkvæmar persónuupplýsingar um heilsu stefnanda hafi verið skráðar í minnispunkta skólameistara og minnisblöð aðstoðarskólameistara, sbr. b-lið 3. töluliðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018 og 1. mgr. 9. gr. reglugerðar ESB nr. 2016/679. Skráningin hafi verið óheimil að lögum og um rangar upplýsingar að ræða.
- 35 Stefnandi vísar til sannleiks- og áreiðanleikareglu. Vísar hann til 1. mgr. 27. gr. upplýsingalaga, þar sem fram komi að þyki munnlegar upplýsingar hafa þýðingu fyrir úrlausn máls skuli upplýsingarnar vera sannar og réttar. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 skuli upplýsingar unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti. Þær skuli jafnframt vera fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og vera nægilegar og viðeigandi. Aldrei megi ganga lengra í skráningu upplýsinga um einstaklinga en nauðsynlegt sé. Við skráningu minnisblaða hafi verið brotið gegn þessum reglum og skráning upplýsinga verið ólögmæt.
- 36 Kröfu sína um eyðingu gagna kveðst stefnandi byggja á d-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 og 9. og 11. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 5. eða 7. gr. reglugerðarinnar. Þá vísar stefnandi til e-liðar 1. mgr. 15. gr., en minnisblöð í málinu hafi að geyma rangar og viðkvæmar persónuupplýsingar. Engin lögmæt ástæða sé til þess að geyma dómskjöl 11, 12, 13 og 20 í málinu, þar sem áminning hafi ekki verið á þeim byggð.
- 37 Miskabótakröfu sína kveðst stefnandi byggja á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Alvarlegar ávirðingar í garð stefnanda hafi falið í sér ólögmæta meingerð gegn æru, persónu og starfsheiðri hans. Skólameistari hafi rætt við óviðkomandi starfsmenn um persónuleg málefni stefnanda og brotið gegn trúnaðar- og þagnarskyldu. Skólameistari og aðstoðarskólameistari hafi vegið gróflega að æru og persónu stefnanda með því að skrá bæði upplýsingar um geðheilsu hans og aðrar og meiðandi upplýsingar, sem teljist niðrandi og meiðandi í hans garð. Upplýsingarnar séu auk þess rangar og upp lognar. Rangt hafi verið haft eftir starfsmönnum, ummæli þeirra mistúlkuð og skrumskæld, orðalagi hafi verið breytt o.s.frv., eftir því sem starfsmennirnir sjálfir segi.
- 38 Kveðst stefnandi hafa orðið fyrir áfalli vegna framkomu stjórnenda B, sem hafi haft djúpstæð áhrif á hann og haft bæði líkamlegar og andlegar afleiðingar í för með sér fyrir hann. Trúnaðarsamtal við næsta yfirmann, sem hafi farið fram á meðan stefnandi

hafi verið í veikindaleyfi, hafi jafnframt verið skráð, án aðvörunar, og upplýsingarnar afhentar skólameistara. Stefnandi kveðst hafa þurft að leita til sérfræðinga eftir aðstoð við að ná fullri heilsu á ný, en hann hafi farið í veikindaleyfi að læknisráði [...] 2021, degi eftir að framangreind minnisblöð komu fram.

Helstu málsástæður stefnda

- 39 Stefnandi, sem mótmælir öllum málatilbúnaði stefnanda sem röngum, bendir á að dómkrafa stefnanda um að kveðið verði á um eyðingu gagna, án nánari efnislegrar tilgreiningar, samræmist ekki fyrirmælum d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýra kröfugerð. Vísa beri þessari kröfu stefnanda frá dómi, þar sem hún sé ekki dómtæk, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.
- 40 Stefnandi byggir sýknukröfu sína á því að áminning stefnanda hafi verið í fullu samræmi við 21. gr. laga nr. 70/1996 og að fullt tilefni hafi verið til hennar. Einnig byggir stefnandi á því að fullt tillit hafi verið tekið til þeirra ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sem við geti átt. Stefnanda hafi verið gefið tækifæri til að tjá sig um fyrirhugaða áminningu eins og 21. gr. laga nr. 70/1996 kveði á um, sbr. og 13. gr. stjórnsýslulaga.
- 41 Stefnandi vísar til þess að þau lagasjónarmið sem ákvörðun um áminningu opinbers starfsmanns geti byggst á séu talin upp í 21. gr. laga nr. 70/1996. Samkvæmt ákvæðinu sé lögð sú skylda á forstöðumann stofnunar að veita starfsmanni skriflega áminningu ef þær aðstæður, sem ákvæðið kveði á um, séu fyrir hendi. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því er orðið hafi að lögum nr. 70/1996 hafi komið fram að við mat á því hvort skilyrði væru til að veita áminningu bæri að hafa hliðsjón af reglum 14. gr. frumvarpsins.
- 42 Af ákvæðum 14. og 21. gr. laga nr. 70/1996 verði ráðið að sú krafa sé gerð til opinberra starfsmanna að þeir gæti þess að sýna ekki af sér hegðun sem sé þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað geti rýrð á starfið eða starfsgreinina. Þá kveði almennar siðareglur starfsmanna ríkisins meðal annars á um að ríkisstarfsmönnum beri að stuðla að góðum samskiptum á vinnustað og leita samvinnu um úrlausn mála eftir því sem kostur sé.
- 43 Telur stefnandi bæði upplýst og óumdeilt að framkoma stefnanda á [...]fundinum [...] 2021 hafi verið óviðeigandi. Stefnandi telur einnig að skilyrði áminningar hafi verið fyrir hendi. Stefnandi hafi hrópað á yfirmenn sína að þeir væru fávitar, vanvitar og vitleysingar, ásamt því að þeir væru ekki starfi sínu vaxnir. Þetta hafi hann gert á

meðan hann hafi barið í borð. Slík hegðun samrýmist ekki starfsskyldum stefnanda samkvæmt fyrrnefndri 14. gr. laga nr. 70/1996 og tilefnið því lögmaett tilefni áminningar, sbr. 21. gr. sömu laga á grundvelli ósæmilegrar hegðunar í starfi.

- 44 Vísar stefndi til þess að fyrir liggi skýr sönnun á ósæmilegri framkomu stefnanda, þ. á m. í afsökunarbréfum hans og andmælum, sem staðfesti að hegðun hans hafi verið óviðeigandi og að hann sjálfur hafi áttað sig á því. Jafnframt hafi minnispunktar skólameistara, minnisblöð aðstoðarskólameistara og minnismiðar sviðsstjóra [...]náms að geyma nokkuð samhljóma lýsingar á atvikum fundarins, sem rími við lýsingu stefnanda sjálfs. Það liggi því fyrir skýrar samtímaheimildir, sem lýsi framkomu stefnanda og að hún hafi verið óviðeigandi.
- 45 Fyrir liggi að skólameistari hafi boðað stefnanda á fund þann [...] 2021 til þess að fara yfir atburð [...]fundarins tveim dögum fyrr og upplýsa hann um að til stæði að veita honum áminningu. Stefnanda hafi þannig verið ljóst frá upphafi að það var framkoma hans á fundinum [...] 2021 sem hafi orðið tilefni og ástæða áminningarinnar. Á fundinum hafi skólameistari óskað eftir því að stefnandi ræddi atvikið [...] og hvernig mætti færa samskipti hans við samstarfsfólk til betri vegar ásamt því að bjóða stefnanda samstarf um að bæta samskiptin. Þrátt fyrir þessar tilraunir skólameistara hafi stefnandi neitað að mæla eitt einasta orð á fundinum og því hafi ekkert orðið úr fyrirhuguðu samtali. Skólameistari hafi þá formlega boðað að til stæði að áminna stefnanda og veitt honum frest til [...] 2021 til að koma að andmælum.
- 46 Þannig liggi fyrir að stefnandi hafi haft fullnægjandi upplýsingar um tilefni og ástæður fyrirhugaðrar áminningar. Þá hafi skólameistarinn gert tilraun til að beita vægara úrræði en áminningu, en þar sem hann hafi ekki verið tilbúinn til viðræðna hafi enginn annar kostur verið í stöðunni en að veita honum formlega áminningu fyrir brot á starfsskyldum sínum. Meðalhófs hafi þannig verið gætt á öllum stigum.
- 47 Varðandi meint vanhæfi skólameistara B byggir stefndi á því að stjórnun og starfsmannahald ríkisstofnana sé almennt í höndum hlutaðeigandi forstöðumanns. Heimildir hans byggja á ákvæðum starfsmannalaga og hinni óskráðu meginreglu vinnuréttarins um stjórnarrétt vinnuveitanda. Samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla veiti skólameistari framhaldsskóla forstöðu. Hann stjórnir daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gæti þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Skólameistari

- sé forstöðumaður stofnunar og því í valdi hans að veita starfsmönnum skriflega áminningu á grundvelli 21. gr. laga nr. 70/1996, ef efnisskilyrði ákvæðins séu fyrir hendi.
- 48 Skólameistara beri, sem forstöðumanni B og yfirmanni stefnanda, að fylgjast með störfum starfsmanna sinna og bregðast við ef þeir brjóti starfsskyldur sínar, sbr. meðal annars 2. mgr. 6. gr. og 13. gr. laga nr. 92/2008 og 38. gr. laga nr. 70/1996. Einnig vísist til f-liðar 3. gr. reglugerðar nr. 1100/2007 um starfslið og skipulag framhaldsskóla sem kveði á um að skólameistari skuli hafa yfirumsjón með starfi kennara og fylgjast með því að þeir ræki skyldur sínar. Það að skólameistari hafi gert athugasemdir við framkomu stefnanda geri hann ekki vanhæfan samkvæmt 6. tölulið 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga. Honum beri skylda til þess samkvæmt framansögðu ef sú staða komi upp.
- 49 Stefndi hafnar því að sú staðreynd að stefnandi hafi lagt fram eineltiskvörtun gegn skólameistara [...] 2021, þremur dögum eftir að hann hafi verið upplýstur um fyrirhugaða áminningu, geti leitt til vanhæfis skólameistarans, enda geti aðili stjórn-sýslumáls ekki gert starfsmann stjórnvalds vanhæfan við meðferð máls með því einu að kvarta undan honum eftir að stjórnarsýslumál sé hafið. Þannig verði starfsmaður almennt ekki vanhæfur til meðferðar máls, enda þótt málsaðili kæri hann undir rekstri þess, höfði mál á hendur honum eða viðhafi um hann níð í fjölmiðlum.
- 50 Stefndi mótmælir málsástæðum stefnanda sem lúti að meintum brotum gegn stjórnarskrárvörðu tjáningarfrelsi hans sem röngum. Ríkisstarfsmenn njóti tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og takmarkanir á þeim rétti megi eingöngu gera að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram komi í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Slíkar takmarkanir verði að byggjast á lögum og stefna að lögmætum markmiðum og þær megi ekki ganga lengra en nauðsyn krefur. Á opinberum starfsmönnum hvíli trúnaðar- og hollustuskyldur auk hlýðniskyldna gagnvart vinnuveitanda sínum, sbr. 14. og 15. gr. laga nr. 70/1996. Þessar skyldur, auk þeirra viðurlaga sem heimilt sé að beita samkvæmt 21. gr. laganna, geti sett ákveðnar skorður við tjáningu opinberra starfsmanna.
- 51 Stefndi vísar til þess að í áliti umboðsmanns Alþingis nr. 8741/2015 hafi verið sett fram sjónarmið, sem líta beri til þegar mat sé lagt á það hvort takmörkun á tjáningar-frelsi ríkisstarfsmanns gangi lengra en nauðsyn krefji: *Þegar lagt er mat á hvort*

takmörkun á tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna gangi lengra en nauðsyn krefur þarf að líta heildstætt til efnis og tilefnis tjáningarinnar, í hvaða samhengi og á hvaða vettvangi hún fer fram auk aðstæðna að öðru leyti. Í því sambandi skiptir einnig máli að horfa til þeirra hagsmuna sem búa að baki tjáningunni og hvernig hún er sett fram, hve víðtæk takmörkunin er á tjáningarfrelsi starfsmannsins og hversu alvarlegum viðurlögum hann er beittur í tilefni af henni.

- 52 Stefnandi telur ástæðu til að heimfæra þessi sjónarmið yfir á þá tjáningu stefnanda sem á reyni í málinu. *Efni, framsetning, tilefni og aðstæður tjáningar stefnanda liggi þegar fyrir. Tjáning stefnanda hafi samkvæmt áminningu verið framkoma, sem hafi falist í formælingum, blótsyrðum ásamt því að berja í borð, kalla yfirmenn öllum illum nöfnum eins og fávita, vanvita og vitleysinga með órökstuddum ávirðingum um vanrækslu þeirra í sínum störfum.*
- 53 Stefnandi vísar til þess að tilefni háttsemi stefnanda hafi verið hrós skólameistara, sbr. tölvupóst stefnanda til kennara [...] 2021: ... *þegar skólameistari var að hæla [...] frá O þá varð skammhlaup á milli orðagjálfs og raunveruleika sem braust út í orðflaumi hjá mér.* Hafi stefnandi þá reiðst skyndilega yfir því að verktaki hafi verið fenginn til þess verks að [...] í stað [...]deildar skólans. Tjáningin hafi verið sett fram á starfsmannafundi. Þegar framangreindar staðreyndir um efni, tilefni og aðstæður tjáningarinnar séu metnar heildsætt sé ljóst að tjáning stefnanda hafi ekki verið í neinu samhengi við aðstæður og atvik á fundinum. Öllu líkara sé að stefnandi hafi snöggreiðst og misst stjórn á skapi sínu með þeim afleiðingum að háttsemi stefnanda og tjáning hafi verið höfð uppi.
- 54 Þá beri jafnframt að horfa til *þeirra hagsmuna sem [búi] að baki tjáningunni.* Stefnandi haldi því fram að með tjáningunni hafi hann verið að gagnrýna stjórnendur. Ríkisstarfsmenn hafi almennt rúmar heimildir til að láta í ljós skoðanir sínar og gagnrýni sem beinist að innri málefnum og starfsemi þeirrar stofnunar sem þeir starfa hjá, sbr. fréttatilkynningu umboðsmanns Alþingis frá 27. apríl 2021 um tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna og ummæli umboðsmanns í álitum umboðsmanns nr. 8741/2015: *Þannig verður almennt að leggja til grundvallar að opinberum starfsmönnum sé heimilt að koma á framfæri athugasemdum við verklag og daglega starfsemi í opinberri stjórnslu, þ.m.t. við yfirstjórnendur sína.*

- 55 Áminning stefnanda taki ekki til þess hluta tjáningar hans, sem telja megi gagnrýni, heldur einungis til framsetningar tjáningarinnar. Skýrlega hafi komið fram í áminningunni að hún hafi lotið að *framkomu* í garð samstarfsfólks og yfirmanna. Stefnandi hafi ekki hagsmuni af því að hrópa á yfirmenn sína, blóta þeim og segja þá vanhæfa. Stefnandi hafi því farið langt út fyrir mörk faglegrar gagnrýni með ummælum sínum.
- 56 Að lokum beri að líta til þess *hve víðtæk takmörkunin á tjáningarfrelsi starfsmannsins [sé] og hversu alvarlegum viðurlögum hann [sé] beittur í tilefni af henni*. Stefnandi hafi hlotið áminningu í starfi vegna tjáningar sinnar. Áminning sé íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun, sem feli í sér viðbrögð við ávirðingum starfsmanns og aðvörun um að starfsmanni kunni að vera sagt upp störfum ef hann bæti ekki ráð sitt. Með þessum viðurlögum hafi stefnanda verið gefinn kostur á að koma málum sínum í rétt horf og bæta samskipti sín við samstarfsfólk og yfirmenn án þess að vera vikið úr starfi. Í áminningunni felist því ekki víðtæk takmörkun á tjáningarfrelsi hans, enda geti hann enn haft uppi faglega gagnrýni í starfi sínu sem kennari við skólann, án þess þó að viðhafa ósæmilega framsetningu á máli sínu. Þá taki áminningin, líkt og áður segi, ekki til þess hluta tjáningar stefnanda sem telja megi gagnrýni heldur aðeins til framsetningar tjáningarinnar.
- 57 Af framangreindu telur stefndi ljóst að ummæli stefnanda hafi ekki falið í sér faglega gagnrýni á starf yfirmanna sinna, heldur brot á starfsskyldum hans sem ríkisstarfsmanns, sbr. meðal annars 14. gr. laga nr. 70/1996. Þegar slíkt brot á starfsskyldum eigi sér stað innan ríkisstofnana beri forstöðumönnum að veita áminningu í starfi, sbr. 21. gr. sömu laga. Öðru máli hefði gegnt hefði stefnandi haldið ró sinni og gagnrýnt stjórnendur að þessu leyti á faglegan máta.
- 58 Verði kröfu stefnanda um eyðingu ýmissa gagna ekki vísað frá dómi byggir sýknukrafa stefnda á því að stefnandi sé ekki réttur aðili að þessari kröfu. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 leiði aðildarskortur til sýknu. Líkt og fundargerð framangreinds fundar [...] 2021 beri glögglega með sér hafi þeir starfsmenn verið boðaðir voru til fundarins er áttu munnlegar frásagnir af [...]fundinum, sem síðar hafi verið ritaðar á minnismiða af öðrum starfsmönnum skólans.
- 59 Sá *öryggisbrestur* sem fjallað hafi verið um á fundinum hafi lotið að því hvort það hafi mátt skrifa upplýsingar eftir samstarfsmönnum stefnanda, varðandi upplifun þeirra af atvikinu á [...]fundinum [...] 2021, og afhenda stefnanda, án þess að

samstarfsmenn stefnanda hafi gefið samþykki sitt fyrir því. Líkt og fram komi í fundargerðinni hafi það orðið niðurstaða persónuverndarfulltrúa skólans að tilkynna bæri þessi meintu brot gagnvart nánar tilgreindum samstarfsmönnum stefnanda til Persónuverndar.

- 60 Stefnandi sé augljóslega ekki réttur aðili að kröfu um eyðingu þessara gagna, enda stafi þau ekki frá honum. Það séu hins vegar þeir einstaklingar sem boðaðir hafi verið til fundarins [...] 2021. Stefnandi hafi ekki verið á meðal þeirra. Því beri að sýkna stefnda af þessari kröfu.
- 61 Stefndi byggir sýknukröfu sína einnig á því að samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn sé stjórnvöldum skylt að skrá mál sem komi til meðferðar hjá þeim og varðveita málgögn, sbr. 2. mgr. 23. gr. laganna. Sú skylda sé áréttuð í 2. gr. reglna nr. 85/2018 um skráningu mála og málgagna afhendingarskyldra aðila. Þá sé kveðið á um í 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 að við meðferð mála, þar sem taka eigi stjórnvaldsákvörðun, hvíli sú skylda á stjórnvöldum að skrá upplýsingar um málsatvik, sem veittar eru munnlega eða viðkomandi fær vitneskju um með öðrum hætti, ef þær hafi þýðingu fyrir úrlausn máls og sé ekki að finna í öðrum gögnum þess. Það sama eigi við um helstu ákvarðanir um meðferð máls og helstu forsendur ákvarðana ef þær koma ekki fram í öðrum gögnum málsins. Einnig beri að nefna að af stjórnarsýslulögum leiði að stjórnvöld þurfi að tryggja að upplýsingar sem hafi verulega þýðingu fyrir framgang og úrlausn stjórnarsýslumáls liggi fyrir hjá þeim.
- 62 Stefndi byggir á því að samkvæmt 11. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sé stjórnvöldum heimilt að safna og vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar í stjórnarsýslu sinni sé eitthvert af skilyrðum 9. gr. laganna uppfyllt. Til viðbótar verði vinnsla upplýsinganna að eiga sér stoð í 1. til 11. tölulið 1. mgr. 11. gr. laganna, sbr. a- til j-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679.
- 63 Tilefni vinnslu umræddra persónuupplýsinga hafi verið fyrirhuguð stjórnvaldsákvörðun skólameistara um að veita stefnanda áminningu í starfi. Heimild skólameistara til vinnslu umræddra persónuupplýsinga eigi sér því lagastoð í 5. tölulið 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679. Byggir stefndi á því að með vísan til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga hafi skólameistara borið að afla umræddra upplýsinga og vinna með þær svo hann gæti tekið upplýsta ákvörðun í málinu.

- 64 Ákvæði 6. töluliðar 11. gr. laga nr. 90/2018 feli í sér heimild til handa stjórnvöldum að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar, ef vinnslan sé nauðsynleg til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur, sbr. f-lið 2. mgr. 9. gr. áðurgreindrar reglugerðar (ESB) nr. 2016/679. Í niðurlagi 52. liðar formála reglugerðarinnar sé vísað til þess að vinnsla upplýsinga vegna slíkra krafna geti farið fram hvort heldur er á vegum dómstóls, við stjórnarsýslumeðferð eða við málsmeðferð utan réttar. Skráning viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt ákvæðinu geti hvort heldur átt sér stað í þágu hins skráða, þriðja manns eða stjórnvaldsins. Stefndi telur því yfir allan vafa hafið að skráning umræddra persónuupplýsinga hafi verið lögmæt og því beri að sýkna stefnda af þessum kröfulið.
- 65 Loks er áréttað að tilvísun stefnanda til e-liðar 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 sé ekki í neinu samræmi við dómkröfu hans um eyðingu gagnanna, en ákvæðið fjalli um rétt skráðs einstaklings til aðgangs að upplýsingum um nánar tiltekin atriði.
- 66 Stefndi byggir á því að sýkna beri stefnda af miskabótakröfu stefnanda, þar sem laga-skilyrði séu ekki fyrir hendi, enda hafi stefndi gætt bæði að form- og efnisreglum við ákvörðun og framkvæmd áminningarinnar. Skorti því bæði á áskilið ólögmæti og það aukna saknæmi sem gert sé að bótaskilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.
- 67 Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda er fjárhæð miskabótakröfu stefnanda mótmælt sem órökstuddri, ósannaðri og í ósamræmi við dómafordæmi í málum þar sem leyst hefur verið úr miskabótakröfum í málum sem starfsmenn ríkisins hafi höfðað á hendur stefnda. Sé það ósamræmi í engu rökstutt né útskýrt í stefnu hvers vegna miskabætur til stefnanda ættu að vera miklu hærri en bætur í sambærilegum málum. Því beri að lækka dómkröfur stefnanda til muna.

Niðurstaða

- 68 Eins og lýst er hér að framan kom til harðra orðaskipta á milli stefnanda annars vegar og ákveðinna skólastjórnenda B hins vegar, á fundi [...] 2021, svonefndum [...] fundi á [...] sviði skólans. Er ekki um það deilt að tilefni þeirra orðaskipta hafi verið það að stefnanda hafi mislíkað að gengið hafi verið framhjá [...] deild skólans við [...] skólans í [...] 2020. Hefur stefnandi bent á að skólinn kenni [...] og að [...] hafi ekki staðist faglegar kröfur sem gerðar séu til [...].

- 69 Gerir stefnandi í fyrsta lagi kröfu um það í máli þessu að áminning, sem honum hafi verið veitt [...] 2021 vegna framkomu sinnar á framangreindum fundi, verði ógilt með dómi.

Um gagnrýni stefnanda vegna [...]

- 70 Stefnandi færði við aðalmeðferð málsins rök fyrir þeirri afstöðu sinni að [...] B hefði ekki uppfyllt faglegar kröfur og sýndi [...] máli sínu til stuðnings. Þurfti ekki sérfræðiþekkingu til að skilja sjónarmið og rök stefnanda í því efni. Slíkur var munurinn. Þar var þó, að mati dómsins, varla við skólastjórnendur í B að sakast, enda virðist eina aðkoma þeirra að [...] hafa verið sú að ráða utanaðkomandi aðila til verksins. Mátti vafalaust gagnrýna skólastjórnendur fyrir þá ákvörðun, líkt og stefnandi gerði. Við aðalmeðferð málsins kom hins vegar fram að ákvörðunin hefði verið tekin með tilliti til fjöldatakmárkana, sem í gildi voru hér á landi á þessum tíma vegna Covid-19, en ekki vegna vantrúar eða vantrausts á [...]deild B, eða nemendum eða kennurum í þeirri deild.

Um það hvort tjáningarfrelsi stefnanda hafa verið skert og meinta þöggun

- 71 Stefnandi hefur borið því við að tjáningarfrelsi hans hafi verið takmarkað og að umræddri áminningu hafi verið ætlað að þagga niður í honum. Tjáningarfrelsið er varið af 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lagagildi hefur hér á landi samkvæmt lögum nr. 62/1994. Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er heimilt að setja tjáningarfrelsinu skorður með lögum, meðal annars í þágu allsherjarreglu og vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær takmarkanir nauðsynlegar og samrýmanlegar lýðræðishefðum.
- 72 Enginn vafi er um að opinberir starfsmenn njóta tjáningarfrelsis eins og aðrir. Er þeim meðal annars heimilt að setja fram málefnalega og uppbyggilega gagnrýni varðandi starfsemi þeirrar stofnunar sem þeir starfa við. Þá er þeim einnig, með sömu skilmálum, heimilt að gagnrýna störf og ákvarðanir yfirmanna sinna. Þeirri tjáningu eru eðli máls samkvæmt settar ákveðnar skorður að lögum, sbr. t.a.m. 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rétturinn til tjáningar er því ekki takmarkalaus, hvorki almennt séð né í tengslum við gagnrýni á störf eða ákvarðanir yfirboðara.
- 73 Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 70/1996 skal starfsmaður ríkisins meðal annars gæta kurteis, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Þá skal hann forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða

- varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein sem hann vinnur við. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. sömu laga ber starfsmanni sömuleiðis að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna sinna um starf sitt.
- 74 Bregði út af þessu, svo sem með þeim hætti að starfsmaður hafi sýnt af sér óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, eða framkoma hans eða athafnir í starfi eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu, skal forstöðumaður viðkomandi stofnunar veita honum skriflega áminningu, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996. Áður en til þess kemur skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.
- 75 Ákvörðun skólameistara B um að áminna stefnanda [...] 2021 var byggð á framangreindu ákvæði 21. gr. laga nr. 70/1996. Líkt og ráða má af orðalagi áminningarinnar, sem rakið er hér að framan í málsatvikalýsingu dómsins, kom hún til vegna óásættanlegrar *framkomu stefnanda í garð samstarfsfólks og yfirmanna á sviðsfundi* ([...]fundu) [...]náms [...] 2021. Í áminningunni fólst sú afstaða skólameistara, sem æðsta stjórnanda B, að framkoma stefnanda á fundinum teldist vera *[ósæmileg] framkoma í garð samstarfsfólks*, sem ekki samrýmdist starfi hans sem kennara við skólann. Var stefnanda í ljósi þess veitt áminning í starfi, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996.
- 76 Er samkvæmt því til skoðunar í málinu hvort framkoma stefnanda á nefndum [...]fundu hafi verið með þeim hætti sem lýst er í 14. og 21. gr. laga nr. 70/1996, og rakið hefur hér að framan, þannig að það réttlæti áminningu hans. Er í því samhengi hvorki deilt um rétt stefnanda til að setja fram málefnalega og uppbyggilega gagnrýni á störf eða ákvarðanir yfirboðara sinna, enda hafið yfir vafa að stefnanda er slíkt heimilt, í það minnsta innan ákveðinna marka. Þá verður ekki séð að deilt sé um það í málinu hvort gagnrýni stefnanda á þá ákvörðun skólastjórnenda að fela utanaðkomandi aðila að [...] hafi verið réttmæt eða ekki, eða um faglegar kröfur í því samhengi. Falla þessi atriði utan við sakarefni málsins, enda var stefnandi ekki áminntur fyrir að gagnrýna skólastjórnendur heldur fyrir það hvernig hann kom gagnrýni sinni á framfæri á [...]fundinum [...] 2021.
- 77 Þá verður einnig að telja að að því marki sem ákvæði 14., 15. eða 21. gr. laga nr. 70/1996 feli í sér takmörkun á tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna, þá sé slík takmörkun heimil samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Verður því ekki

fallist á að þær takmarkanir, sem 14., 15. eða 21. gr. laga nr. 70/1996 setji tjáningarfrelsi hans sem starfsmanns ríkisins, teljist brot gegn 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar eða 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá er ekkert sem styður það að skólameistari B hafi misbeitt valdi sínu við áminningu stefnanda til að þagga niður í honum, líkt og stefnandi heldur fram.

- 78 Að öllu framangreindu virtu verður hvorki fallist á það með stefnanda að áminning hans hafi falið í sér brot á tjáningarfrelsi hans né að sýnt hafi verið fram á að ætlun skólameistara með áminningu stefnanda hafi verið sú að þagga niður í honum.

Um meint vanhæfi skólameistara til að taka ákvörðun

- 79 Ekki er heldur hægt að fallast á að skólameistari B hafi verið vanhæfur til að taka þá ákvörðun sem fólst í áminningu stefnanda [...] 2021 vegna fjandskapar eða fyrri samskipta þeirra á milli. Þá er ekkert annað komið fram í málinu en að skólameistari hafi með ákvörðun sinni verið að sinna starfi sínu og skyldum sem æðsti stjórnandi skólans. Auk þess verður ekki á það fallist að það teljist hafa verið annmarki á ákvörðun um áminningu stefnanda að ekki hafi verið tekin afstaða til hæfis skólameistara í ákvörðun hans, líkt og stefnandi heldur fram. Verður áminningin því ekki ógilt af þeim sökum.

Um skýrleika áminningar

- 80 Hvað varðar þá málsástæðu stefnanda að áminningin hafi ekki verið nægilega skýr, þar sem meðal annars hefði ekki komið fram hvernig framkoma hans á [...]fundinum [...] 2021 hefði talist fela í sér brot gegn almennum siðareglum starfsmanna ríkisins eða gegn lögum, er ekki hægt að fallast á hana. Þeirri framkomu stefnanda, sem varð tilefni áminningar, er sem fyrr segir skilmerkilega lýst í áminningarbréfinu sjálfu og tiltekið að í háttseminni felist brot. Þá er sömuleiðis vísað til viðeigandi lagaákvæðis, 21. gr. laga nr. 70/1996. Verður áminningin samkvæmt þessu ekki ógilt á þeim forsendum að hún hafi ekki verið nægilega skýr.

Um það að vísað hafi verið til ótengdra atburða í áminningarferli

- 81 Á sama hátt skiptir ekki máli þótt skólameistari hafi í upphaflegu bréfi sínu til stefnanda, sem afhent var á fundi skólameistara og aðstoðarskólameistara með stefnanda og trúnaðarmanni [...] 2021, tengt fyrirhugaða áminningu við eldri atburði. Frá því var horfið eftir að stefnandi skilaði andmælum sínum í málinu og annarra atburða en framkomu stefnanda á margnefndum [...]fundum [...]náms [...] sama mánaðar hvergi

getið í endanlegu áminningarbréfi. Þá var alveg skýrt að áminningin sjálf var einungis til komin vegna framkomu stefnanda á nefndum [...]fundi en ekki vegna annarra atvika. Verður áminningin því ekki felld úr gildi á þeim forsendum að skólameistari hafi blandað saman ótengdum atburðum í aðdraganda áminningarinnar.

Um það að ekki hafi verið vísað til gagna í áminningarbréfi

82 Hvað varðar þá málsástæðu stefnanda að ekki hafi verið vísað til gagna í áminningarbréfi til hans [...] 2021 virðist ákvörðun skólameistara B um áminningu stefnanda fyrst og fremst hafa byggst á eigin upplifun hans sjálfs og samtölum við starfsmenn, þ. á m. aðra skólastjórnendur sem átt höfðu samtöl við starfsmenn sem setið höfðu umræddan [...]fund [...] 2021.

83 Jafnvel þótt einstakir starfsmenn, sem til er vitnað í framangreindum minnispunktum skólameistara, minnisblöðum aðstoðarskólameistara og minnismiðum sviðsstjóra náms, hafi borið fyrir dómi að ekki hafi verið rétt eftir þeim haft, þá hafa þeir ekki neitað því að umrædd samtöl hafi átt sér stað. Þá virðast minnispunktarnir, minnisblöðin og minnismiðarnir hafa verið útbúin eftir áminningu stefnanda, andstætt því sem fram kemur í greinargerð stefnda og fram kom í framburði skólameistara fyrir dómi.

84 Að því virtu að svo virðist sem skólameistari hafi að mestu stuðst við munnleg gögn, eigin upplifun og samtöl við samstarfsmenn, er hann ákvað að veita stefnanda áminningu [...] 2021, en skrifleg gögn hafi verið af skornum skammti, þá verður ekki séð að það geti verið ágalli á áminningu stefnanda að gagna hafi ekki verið getið í áminningarbréfinu. Þá er einnig til þess að líta að stefnandi fékk, að því er best verður séð, öll gögn varðandi málið nokkrum dögum eftir að hann hafði óskað eftir þeim, þ. á m. gögn sem urðu til eftir að hann hafði verið áminntur. Verður áminningin því ekki ógilt á þeim forsendum að ekki hafi verið vísað til gagna sem á hafi verið byggt við áminningu hans.

Um tilgang og form [...]funda

85 Verður nú nánar vikið að tilefni áminningar stefnanda, þ.e. atburðum á svonefndum [...]fundi [...]sviðs B [...] 2021. Í úttekt á starfsemi B, sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2013, sem frammi liggur í málinu, segir meðal annars um [...]fundi að skólameistari hafi komið á *óformlegum* „[...]fundum“ sem ætlað sé að auka enn frekar á nálægð við kennara. Segir jafnframt að á slíkum fundum gefist

kennurum kostur á að taka hvaðeina til umræðu. Ef ástæða þyki til geti mál sem þar komi upp fengið formlega umfjöllun á kennarafundum eða á öðrum vettvangi innan stjórnslu skólans.

- 86 Af framansögðu má ráða að [...]fundum sé ætlað að vera óformlegur vettvangur skoðanaskipta á milli skólastjórnenda og kennara, þar sem kennurum gefist færi á að ræða mál með óformlegum hætti, þ.m.t. mál er varða störf þeirra og þess kennslusviðs sem þeir tilheyra. Til samræmis við það virðist vera venjan að ekki sé haldin fundargerð yfir það sem fram fari á [...]fundum. Var þetta meðal annars staðfest með framburðum þeirra vitna sem fyrir dóminn komu.

Um [...]fund [...] 2021, framburði vitna sem sátu fundinn o.fl.

- 87 Það mál, sem varð tilefni snarpra og harðra orðaskipta á [...]fundum [...]sviðs [...] 2021, þ.e. ákvörðun stjórnenda skólans um að leita til utanaðkomandi aðila vegna [...] fremur en til [...]sviðs, féll augljóslega innan málefna sem taka mátti til umræðu á slíkum fundum. Stefnanda var samkvæmt því heimilt að bera þetta mál upp á fundinum og eftir atvikum tjá óánægju sína og vonbrigði með að leitað hefði verið til utanaðkomandi aðila frekar en til deildarinnar. Með sama hætti mátti stefnandi tjá sig um að umrætt [...] hefði ekki staðist þær faglegu kröfur sem hann gerði, eða sem [...]sviðið gerði, til [...] af þessu tagi. Um þetta er sem fyrr segir ekki deilt. Eftir stendur það hvort tjáning stefnanda, hvað þessi tilteknu atriði varðar og eftir atvikum önnur, hafi farið yfir leyfileg mörk í þessu samhengi, þannig að það hafi réttlætt áminningu hans.

- 88 Vitnið C, sem sat meðal annars umræddan [...]fund, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Greindi vitnið frá því að stefnandi og skólastjórnendur, einkum skólameistari og áfangastjóri, hefðu farið að munnhöggvast á fundinum. Skort hafi á fundarstjórn og kurteisi á fundinum, svo og að mannsiðir væru viðhafðir. Óviðeigandi, ljót og særandi ummæli hefðu sömuleiðis verið látin falla. Kvaðst vitnið hafa staðið upp og beðið umrædda aðila um að láta af þessari háttsemi sinni. Orðaði hún það svo að fundurinn, sem hefði verið stjórnlaus og dónalegur, hefði verið lengi að fara úr henni, henni hefði þótt þetta mjög leiðinlegt og tekið þetta mjög nærri sér.
- 89 Í áður nefndum minnisþingum skólameistara, sem útbúnir voru eftir [...]fundinn [...] 2021, er sagt að vitnið hafi komið að máli við hann, lýst skoðun sinni og vilja til að koma því á framfæri að stefnandi hefði í gegnum tíðina verið hörkuduglegur kennari

og staðið sig vel en augljóst væri að hennar mati að hann væri tæpur á geði. Var vitnið spurð út í þetta fyrir dómi. Sagði hún þetta ekki rétt. Hún hefði verið kölluð inn á skrifstofu skólameistara og hurðinni lokað. Hann hefði síðan spurt hana hvað henni hefði fundist. Kannaðist vitnið sömuleiðis ekki við þá lýsingu sem eftir henni hafi verið höfð.

- 90 Vitnið D kvaðst muna vel eftir nefndum [...]fundi, sem hefðu oftast verið fjörugir. Kvaðst hún hafa setið við hlið stefnanda á fundinum og á móti skólameistara og áfangastjóra. Stefnanda hafi misboðið útvistun [...] og orðið æstur en einbeittur. Þá hafi hann gagnrýnt stjórnendur skólans. Við það hafi áfangastjóri skólans *snappað* og *baunað* yfir stefnanda, sem hafi byrjað að skjálfa, líkt og hann væri að fá taugaáfall. Skólameistari og stefnandi hafi tekist á í framhaldi af þessu og orðin orðið stærri. Sagði hún að stefnandi hefði haldið *þrusuræðu*. Samkennarar hafi loks gripið inn í.
- 91 Í áðurnefndum minnisblöðum aðstoðarskólameistara kemur fram að vitnið hafi komið til aðstoðarskólameistara tveimur dögum eftir [...]fund [...]námsins. Hún hafi sagst vita að stjórnendur hlytu að vera að vinna í þessum málum og væntanlega hefði mikið gengið á áður en fundurinn fór fram, miðað við viðbrögð áfangastjóra á fundinum. Þá er haft eftir vitninu að henni þætti vænt um stefnanda og að þegar hann hafi tekið *brjálæðiskastið* á fundinum hafi henni liðið hræðilega illa og helst viljað taka hann í fangið. Hún er einnig sögð hafa sagt að upplifun hennar hafi verið á þann hátt að hann væri að fá heilablóðfall eða einhvers konar áfall. Hún hafi haft verulegar áhyggjur af velferð hans og heilsu. Segist aðstoðarskólameistari þá hafa sagt að hún hafi samsinnt því og að þær hafi verið sammála um að þeim þætti verulega vænt um stefnanda, en að hann virtist ekki ganga heill til skógar og virtist ekki í stakk búinn til að vera í kennslu. Á vitnið einnig að hafa sagt að allt hans framferði hefði hræðileg áhrif á [...]námið og allt starf innan þess. Vitnisins er jafnframt getið í minnismiðum sviðsstjóra [...]náms.
- 92 Fyrir dómi sagði vitnið að aðstoðarskólameistari hefði viðurkennt síðar að ekki væri rétt eftir vitninu haft. Kvað hún aðstoðarskólameistara jafnframt hafa sagt sér að minnisblöðin hefðu verið skrifuð hálfum mánuði eftir umræddan fund, að beiðni skólameistara. Vitnið kvaðst fyrir dómi hafa reiðst gríðarlega er henni hafi orðið ljóst hvað hefði verið skráð eftir henni, en skráningin hafi farið fram án hennar vitundar eða samþykkis. Er henni hafi orðið ljóst hvað hefði verið skráð eftir henni hefði hún

meðal annars *vaðið inn á fund stjórnenda við skólann*. Þá liggur fyrir tölvupóstur frá vitninu til stefnanda þar sem hún lýsir vonbrigðum sínum og reiði, og segir að það sem eftir henni hafi verið haft sé *algjör [lygi] og aftur [lygi]*. Staðfesti vitnið fyrir dómi að ekki hefði verið rétt eftir henni haft í minnisblöðum aðstoðarskólameistara og minnismiðum sviðsstjóra [...]náms.

- 93 Vitnið E kvaðst fyrir dómi muna það að stefnandi hefði gagnrýnt stjórnendur á fundinum [...] 2021 fyrir að sniðganga [...]deildina við [...]. Stjórnendur hefðu brugðist illa við gagnrýni stefnanda og *mikil reiði og heift verið í gangi*. Kvað vitnið að sér hefði brugðið við viðbrögð stjórnendanna, einkum skólameistara og áfangastjóra. Fleiri hafi tekið til máls.
- 94 Aðstoðarskólameistari segir í áður nefndum minnisblöðum sínum að vitnið hafi komið inn á skrifstofu hennar eftir hádegi daginn sem [...]fundurinn var haldinn. Á vitnið að hafa rætt um það hversu ósanngjarnt þetta væri gagnvart stjórnendum og hversu ömurlegt það væri fyrir samstarfsfólk stefnanda að *verða fyrir barðinu á honum* í tíma og ótíma. Þá hafi vitnið talað um hversu slæm áhrif þetta hefði á deildina, sem væri vart starfhæf af þessum sökum. Kannaðist vitnið við það fyrir dómi að hafa farið inn á skrifstofu aðstoðarskólameistara eftir [...]fundinn en það sem haft væri eftir henni í minnisblöðum aðstoðarskólameistara væri vitleysa og ekki rétt eftir henni haft.
- 95 Vitnið N, sem kvaðst hafa þekkt stefnanda lengi, kvaðst hvorki fyrr né síðar hafa séð stefnanda jafn reiðan og á [...]fundinum [...] 2021, en vitnið hafi ekki vitað hvað þar hafi legið að baki. Áfangastjóri skólans hafi svarað höstuglega, sem hafi aukið á reiði stefnanda. Viðbrögð áfangastjórans hafi verið *sjokkerandi* og það hafi komið á óvart að maður í hans stöðu svaraði með þeim hætti sem hann gerði. Fundurinn hafi farið úr böndunum vegna þessa. Kvað vitnið að lýsing á umræddum atburði hefði verið færð í stílinn í bréfi skólameistara til stefnanda, dags. [...] 2021. Stefnandi hefði ekki notað þau orð sem þar sé lýst.
- 96 Vitnið F kvað stefnanda hafa misst stjórn á skapi sínu á [...]fundinum [...] 2021 og látið þar orð falla. Stefnandi hafi verið reiður og spenna hafi verið á fundinum. Áfangastjóri skólans hafi svarað. Mundi vitnið ekki hvort stefnandi hefði slegið í borð en hann hefði viðhaft stór orð. Fólki hafi verið brugðið. Hvað varðaði aðkomu vinnusálfræðings að starfsemi [...]sviðs, þá kvað vitnið það hafa verið ótengt

- stefnanda og [...]fundinum [...] 2021. Um hafi verið að ræða átök innan [...], en samstarfserfiðleikar hafi ekki snúið að stefnanda eða starfi [...]sviðs.
- 97 Vitnið G kvað [...]fundinn hafa verið þann fyrsta af því tagi sem hann hefði setið. Stefnandi hefði verið pirraður yfir máli, sem hafi átt sér forsögu sem vitnið hafi ekki þekkt. Skólameistari og áfangastjóri hefðu verið til svars en umræður hefðu ágerst og sprenging orðið. Upphlaup stefnanda hafi verið asnalegt en samt í samræmi við tilgang fundarins. Kvað hann stefnanda hafa verið miður sín eftir fundinn.
- 98 Vitnið H kvaðst lítið muna eftir [...]fundinum [...] 2021. Hann hefði ekki setið mikið í vitninu. Kvað vitnið að smá hvellur hefði orðið á fundinum. Stefnandi hefði snöggreiðst og til orðaskipta hefði komið á milli stefnanda og áfangastjóra skólans. Kvaðst vitnið þó ekki muna orðaskipti. Kvað hann [...]fundi á [...]sviðinu almennt vera líflega fundi og vettvang til skoðanaskipta.
- 99 Vitnið I, áfangastjóri B, kvað [...]fundinn [...] 2021 hafa byrjað á léttu spjalli. Skólameistari hefði hrósað [...]deild skólans fyrir [...], en þá hafi verið eins og sprenging yrði í höfði stefnanda. Hann hefði staðið upp, ausið úr skálum reiði sinnar og barið í borð. Vitnið kvað að sér hafi liðið illa og að stefnandi hafi öskrað að honum formælingum. Kvaðst vitnið hafa haft milligöngu um ráðningu utanaðkomandi aðila til að sinna [...] og því tekið gagnrýni stefnanda til sín. Orðaskipti hafi orðið á milli vitnisins og stefnanda og vel kunni að vera að vitnið hafi hækkað róminn. Vitnið kvaðst ekki hafa áður séð stefnanda sýna af sér svo ofsafengna hegðun, en hann og stefnandi hefðu átt gott samstarf í langan tíma. Þeir hefðu oft tekist á, en aldrei með þessum hætti.
- 100 Vitnið J, sviðsstjóri [...]námsbrautar B, kvað stefnanda hafa reiðst við það að skólameistari hefði hrósað [...]deild fyrir [...]. Stefnandi hafi slegið í borð og notað stór orð um stjórnendur, sakað þá um vanhæfni til að stýra [...]námi og að hafa ekki þekkingu á því sem þau væru að gera.
- 101 Kvaðst vitnið hafa útbúið minnismiða í síðari hluta vikunnar á eftir [...]fundinum [...] 2021, að beiðni skólameistara. Hún hafi sent minnismiðana til skólameistara [...]. sama mánaðar, en hann gæti hafa séð þá fyrr á tölvuskjá hjá henni. Hafi skólameistari óskað þess að hún skráði niður allt sem hún heyrði varðandi vanlíðan starfsfólks eftir [...]fundinn. Kvaðst vitnið hafa reynt að gæta hlutleysis. Vitnið kvað sömuleiðis að

aðkoma vinnusálfræðings að málefnum [...]sviðs hefði verið vegna [...] en ekki vegna stefnanda eða [...]fundarins.

102 Einn af minnismiðum vitnisins lýsir upplifun hennar sjálftrar af því atviki sem varð á [...]fundi [...]sviðs [...] 2021. Er þar greint frá því að stefnanda hafi skyndilega hitnað í hamsi. Reiði hans og gremja hafi brotist út á þann veg að hann hafi viðhaft óviðeigandi orðalag, hækkað málróm, bölvað og slegið í borð. Stefnandi hafi lýst þeirri skoðun sinni að stjórnendur skólans væru óhæfir til að stýra [...]námi. Fundarfólki hafi brugðið við þetta atvik og þessa ofsalegu reiði.

103 Vitnið K, aðstoðarskólameistari B, kvað stefnanda hafa reiðst við hrós skólameistara á [...]fundinum [...] 2021. Áfangastjóri hafi svarað og orðaskipti orðið í kjölfar þess. Stefnandi hafi orðið mjög reiður, barið í borð og öskrað á fólk. Skólameistari hafi sömuleiðis blandað sér í umræðurnar. Kvað vitnið gagnrýni stefnanda hafa snúið að vanhæfni stjórnenda.

104 Vitnið kvað jafnframt fyrir dómi að eftir fundinn hafi skólameistari beðið hana um að skrifa niður minnismiða, sem hún hafi og gert. L hafi komið til hennar eftir fundinn, E eftir hádegi sama dag og D föstudaginn [...] 2021. Minnispunktarnir hafi verið skrifaðir um 10 dögum eftir nefnd samtöl en færðir í skjalakerfi skólans [...] . eða [...] . sama mánaðar. Kvað vitnið að það sem hún hefði haft eftir D væri ekki lygi, en ekki orðrétt eftir haft. Hvað varðar fund skólameistara og aðstoðarskólameistara með stefnanda og trúnaðarmanni [...] 2021, þá kvað vitnið að stefnandi hefði ekki viljað tjá sig. Mundi vitnið hins vegar ekki hvort aðrar lausnir hefðu verið ræddar en áminning.

105 Minnisblöð vitnisins, sem frammi liggja í málinu, hafa meðal annars að geyma eigin lýsingu vitnisins á því atviki sem varð á [...]fundinum [...] 2021. Þar segir að stefnandi hafi sagt *stjórnendur skólans gjörsamlega vanhæfa fávita sem vissu ekkert hvað þeir væru að gera og að það væri gjörsamlega fáránlegt að [...]deildin væri ekki fengin til að sjá um [...]*. Hann hafi staðið upp og barið í borð og öskrað út spurningum um hvers vegna hann væri ekki fenginn til að sjá um þetta í stað amatörsins [...]. Áfangastjóri hafi svarað honum með því að segja að það væri einmitt vegna þessa viðhorfs sem ekki væri hægt að vinna með honum þar sem viðbrögðin væru alltaf svona ofsafengin og lítilsvirðandi. Við þetta hefði stefnandi orðið enn verri, staðið

- upp og barið í borðið á milli þess sem hann hefði hlegið. Aðrir fundarmenn hafi setið sem lamaðir og stemningin á fundinum verið rafmögnuð eftir þetta.
- 106 Vitnið M, skólameistari B, greindi frá því fyrir dómi að stefnandi hefði sprungið og tryllst á [...]fundinum [...] 2021 og ausið svívirðingum yfir skólameistara og aðra skólastjórnendur. Stefnandi hefði barið í borð og öskrað og sagt að skólastjórnendur kynnu ekki neitt og gætu ekki neitt. Kvað vitnið aðra fundarmenn hafa verið furðu lostna, en vitnið hafi reynt að róa fundinn.
- 107 Í minnispunktum vitnisins, sem frammi liggja í málinu, er því lýst að stefnandi hafi viðhaft *framsetningu á sínu máli* á [...]fundinum *með algerlega óviðunandi hætti svo brjálsemi líkist*. Er stefnandi sagður hafa hellt sér yfir stjórnendur skólans í órökstuddu máli, kallað þá öllum illum nöfnum og sagt að þeir væru alls ekki starfi sínu vaxnir og hálfvitar. Með í orðaflaumnum hafi hrotið af vörum hans blótsyrði. Þá hafi hann lamið húsgögn máli sínu til stuðnings og gert hróp að stjórnendum skólans. Aðrir fundargestir hafi orðið felmtri slegnir og sumir óttaslegnir.
- 108 Vitnið greindi frá því að haft hafi verið samráð við kjara- og mannauðssvið fjármálaráðuneytisins áður en ákvörðun hafi verið tekin um áminningu. Auk þess hafi hann notið ráðgjafar utanaðkomandi lögmannsstofu. Áminningin hafi verið tekin að vel ígrunduðu máli og allra leiða leitað til að beita mildasta mögulega úrræði sem til greina kæmi. Kvað vitnið að ljóst hafi verið frá upphafi að til rannsóknar væri ofbeldismál, þ.e. andlegt ofbeldi og afleiðingar þess. Sú rannsókn gæti leitt til áminningar.
- 109 Lýsti vitnið því fyrir dómi að fullt af angistarfullu fólki hafi komið til hans og annarra stjórnenda eftir [...]fundinn [...] 2021. Fólk hefði verið niðurbrotið og starfsemin við það að liðast í sundur. Vitnið hafi því ákveðið að fá stjórnendur til að skrá niður það sem þau heyrðu, sem þau hafi gert með skráningum í minnisblöð og minnismiða. Markmið áminningarinnar hafi verið það að fá stefnanda til að bæta sig. Stefnandi hafi ekki óskað eftir endurupptöku áminningarinnar og stéttarfélag hans hafi ekki kvartað.
- 110 Fram kom hjá vitninu að slæmt andrúmsloft hefði verið á því sviði sem stefnandi starfi á, þ. á m. vegna framkomu hans. Vinnusálfræðingur hafi verið fenginn til að bæta úr ástandinu, sem ekki hafi aðeins verið tilkomið vegna [...]. [...]fundurinn hafi því ekki verið einangrað tilfelli. Kvaðst vitnið hafa grundvallað ákvörðun sína á

minnispunktum, minnisblöðum og minnismiðum og hafa haft miklar áhyggjur af ástandinu.

Um eigin skrif stefnanda varðandi atvik á [...]fundu

111 Eins og áður segir sá stefnandi ástæðu til að biðja fundarmenn á [...]fundinum [...] 2021 afsökunar eftir fundinn. Sendi hann síðar sama dag tölvupósta á annars vegar starfsmenn [...]sviðs og hins vegar á skólastjórnendur, sem lýst er hér að framan í málsatvikalýsingu dómsins. Minntist stefnandi meðal annars á *frumhlaup* sitt á fundinum í pósti sínu til starfsmanna. Sagði hann í báðum póstunum að *skammhlaup hefði orðið á milli orða/orðagjálfuls og raunveruleika*, sem hafi *brotist út í orðaflaumi* hjá honum. Bætti hann við í póstinn til stjórnenda að *óviðeigandi orðskrípi* hafi slæðst með *sem hefðu betur ekki á málsgast*.

112 Stefnandi sendi sem fyrr segir kvörtun til menntamálaráðuneytisins [...] 2021 vegna þess sem hann sagði vera *síendurtekið, viðvarandi einelti af hendi skólameistara B.* Sagði meðal annars í kvörtuninni að það sem fyllt hefði mælinn hefði verið samskipti [næstliðinnar] viku *þar sem ég [upplifði] dag eftir dag ofbeldi og valdníðslu af hálfu skólameistara.*

113 Í andmæli sín við fyrirhugaðri áminningu, dags. [...] 2021, ritaði stefnandi meðal annars: *Varnarviðbrögð stjórnenda við réttmætri gagnrýni virkuðu sem olía á eld og í kjölfarið fylgdi örstutt eldræða fagstjóra og til áhersluauka má vel vera að barið hafi verið í borð (sem er reyndar viðtekin venja á Alþingi til að ná orðinu). Einhver orðskrípi fylgdu orðflaumnum en stundum í hita leiksins þá skreppa fram orð í hugsunarleysi. Gagnrýni var eingöngu beint til stjórnenda. Þegar ræðu var lokið féll á dúnalogn og fundurinn hélt áfram.*

114 Í ódagsettri greinargerð sinni til menntamálaráðuneytisins vegna framangreindrar eineltiskvörtunar rakti stefnandi einnig umrætt atvik á [...]fundinum [...] 2021. Sagði þar meðal annars: *Í eldræðu sem stóð stutt yfir var bæði gripið til kjarnyrtrar íslensku (sem var ekki beint að neinum sérstökum) en undirritaður minnst þess að hafa kallað stjórnendur „amatöra“ og „faglega vanhæfa“. Eins og einn samkennari orðaði það; „allt sem þú sagðir var svo sem rétt en það var framgangsmátinn sem var ekki í lagi“ og annar kennari sagði „þetta var ekki í lagi“.*

Um það hvort ógilda beri áminningu þar sem hún hafi ekki verið réttmæt

115 Jafnvel þótt sum þeirra vitna, sem komið höfðu að máli við skólastjórnendur eftir [...]fundinn [...] 2021, hafi lýst því yfir fyrir dóminum að ekki hafi verið rétt eftir þeim haft og þau dregið úr þeim lýsingum sem eftir þeim voru hafðar í minnis- punktum skólameistara, minnisblöðum aðstoðarskólameistara eða minnismiðum sviðsstjóra [...]náms, og að skólameistari hafi í framburði sínum fyrir dómi að líkindum tekið fullsterkt til orða og gert meira úr hlut stefnanda í óánægju innan [...]sviðs B en efni hafi staðið til, þá verður ekki framhjá því horft að lýsing vitna af því atviki, sem síðar leiddi til áminningar stefnanda, er að meginstefnu til áþekk og samhljóða. Virðist þannig vera ákveðinn samhljómur í upplifun allra þeirra vitna sem umræddan fund sátu, jafnvel þótt vitni hafi tekið missterkt til orða varðandi upplifun þeirra af fundinum.

116 Af framburðum framangreindra vitna fyrir dómi, sem dómari metur í meginatriðum sem trúverðuga, má ráða að stefnandi hafi snöggreiðst á [...]fundinum [...] 2021. Hann hafi gagnrýnt stjórnendur skólans harkalega og meðal annars viðhaft *óviðeigandi orðskrípi*, sem heldur hefðu verið ósögð, svo notuð séu orð stefnanda sjálfs. Hann hafi jafnframt staðið upp og barið í borð, máli sínu til áréttingar. Þá má enn fremur ráða af framansögðu að viðstaddir hafi í það minnsta orðið undrandi á viðbrögðum stefnanda, svo og á viðbrögðum áfangastjóra skólans, og jafnvel brugðið, svo ekki sé fastar að orðið kveðið. Viðbrögð stefnanda hafi komið fundar- mönnum á óvart og að um einstakan og óvenjulegan atburð hafi verið að ræða, sem ekki hafi verið í takti við þær umræður sem áður hafi átt sér stað á fundum af þessu tagi, eða framkomu stefnanda á fyrri fundum. Síðast en ekki síst sá stefnandi, eins og áður segir, ástæðu til að biðjast afsökunar á framkomu sinni samdægurs, sem bendir til þess, að mati dómsins, að hann hafi áttað sig á því eftir á að hann hafi farið yfir ákveðin mörk með framkomu sinni á fundinum.

117 Þegar allt framangreint er virt, sem og það að stefnandi var ekki áminntur fyrir að gagnrýna stjórnendur B á umræddum fundi, sem hann á fullan rétt til að gera, heldur fyrir það hvernig hann setti gagnrýni sína fram, þ.e. fyrir framkomu sína sem talin var ósæmileg í garð samstarfsfólks og ekki samrýmast starfi hans sem kennara við skólann, verður ekki séð að ástæða sé til að ógilda umrædda áminningu stefnanda á þeim forsendum að hún hafi verið tilefnislaus eða byggð á ómálefnalegum forsendum, eða að lýsing á umræddu atviki hafi verið röng eða ósönnuð.

Um rannsókn og meðferð málsins og hvort meðalhófs hafi verið gætt

- 118 Eins og áður segir leið stuttur tími, rúmur sólarhringur, frá umræddu atviki til þess að skólameistari B sendi stefnanda boðun um fund vegna fyrirhugaðrar áminningar. Var sá fundur haldinn rúmum tveimur sólarhringum eftir [...]fundinn og stefnanda þá tilkynnt bréflaga að fyrirhugað væri að áminna hann. Áminningin sjálf átti sér svo stað tveimur vikum eftir [...]fundinn, eða þann [...]. sama mánaðar.
- 119 Eins og áður segir byggði áminning stefnanda að mestu leyti á munnlegum gögnum, upplifun skólameistara sjálfs og annarra skólastjórnenda, og eftir atvikum upplifun annarra sem komið höfðu að máli við þau og lýst upplifun sinni af fundinum. Stefnda var gefið færi á að gæta andmælaréttar síns, sem hann og nýtti sér. Það virðist hins vegar ekki vera rétt, ef miðað er við framburði vitna fyrir dómi, að áminning stefnanda hafi verið byggð á skriflegum minnisblöðum aðstoðarskólameistara og minnismiðum sviðsstjóra [...]náms, líkt og skilja mátti af framburði skólameistara fyrir dómi, enda virðast þessi gögn hafa verið útbúin eftir áminningu stefnanda, eða í það minnsta skráð í kerfi B eftir það tímamark. Ekki verður þó séð að það breyti öllu hvort áminning stefnanda hafi verið byggð á munnlegum frásögnum samstarfsmanna hans, eða eftir atvikum munnlegri eða skriflegri endursögn.
- 120 Að framangreindu virtu verður ekki betur séð en að málið hafi verið fullrannsakað er stefnanda var veitt áminning [...] 2021 og að formleg meðferð málsins hafi að öðru leyti verið í samræmi við ákvæði laga. Þótt ekki liggi fyrir hvaða önnur úrræði hafi komið til skoðunar við úrlausn á máli stefnanda, hvort heldur sem er á fundi skólameistara, aðstoðarskólameistara, stefnanda og trúnaðarmanns [...] 2021, eða fyrir eða eftir þann fund, þá er samt ekki hægt að fallast á það með stefnanda að meðalhófs hafi ekki verið gætt og að ógilda beri umrædda áminningu á þeim forsendum. Verður áminning stefnanda samkvæmt þessu ekki ógilt með dómi á þeim forsendum að rannsókn eða meðferð málsins hafi verið ófullnægjandi eða að um hafi verið að ræða brot á meðalhófsreglu.

Um kröfu stefnanda um eyðingu tilgreindra gagna

- 121 Stefndandi krefst þess sem fyrr segir í öðru lagi að dómurinn mæli svo um að ódagsettum minnispunktum skólameistara, minnisblöðum aðstoðarskólameistara og minnismiðum sviðsstjóra [...]sviðs skuli eytt, en þessi gögn bárust stefnanda með tölvupósti [...] 2021. Telur stefndi að þessi krafa uppfylli ekki áskilnað d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýra og glögga kröfugerð.

- 122 Stefnandi er ólöglærður og því ekki hægt að gera sömu kröfur til hans og þeirra sem njóta aðstoðar lögmanns við meðferð máls fyrir dómi. Þá er að mati dómsins ljóst til hvaða gagna stefnandi er að vísa í þessu samhengi, en öll þessi gögn hafa verið lögð fram í máli þessu. Er því enginn vafi um það hvaða gögn krafan varði og vörn stefnda er ekki áfátt vegna þessa. Að því virtu verður ekki talið að vísa beri þessari kröfu stefnanda frá dómi án kröfu.
- 123 Stefndi byggir sýknukröfu sína meðal annars á því að stefnandi sé rangur aðili að þessari kröfu og því beri að sýkna stefnda vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Líkt og rakið er hér að framan hafa tilvitnuð gögn að geyma lýsingar nafngreindra einstaklinga á upplifun þeirra af [...]fundinum [...] 2021 og eftir atvikum kynnum þeirra af stefnanda. Er þar annars vegar um að ræða eigin upplifun þeirra stjórnenda sem gögnin stafa frá og hins vegar endursögn þeirra á samtölum við aðra starfsmenn sem fundinn sátu og komu að máli við stjórnendur að fundi loknum.
- 124 Þeim einstaklingum sem kusu að tjá sig um upplifun sína af [...]fundinum [...] 2021 eða af kynnum sínum af stefnanda var það frjálst, en svo virðist sem í meginatriðum hafi verið um að ræða gildisdóma þeirra sem það gerðu, fremur en staðhæfingu um staðreynd. Hinn meinti öryggisbrestur, sem vísað var til Persónuverndar, laut auk þess að þeim starfsmönnum sem orðið höfðu fyrir því að frásagnir þeirra höfðu verið skráðar niður, án vitundar þeirra og samþykkis, en ekki að stefnanda.
- 125 Hvað skráningu þessara upplýsinga varðar verður að fallast á það með stefnda að hún varði fyrst og fremst B og þá starfsmenn sem í hlut áttu, en ekki stefnanda. Stefnandi sé af þeim sökum ekki réttur aðili, hvað sem öðru líði, til að setja fram kröfu um eyðingu þessara gagna vegna aðildarskorts. Verður stefndi þegar af þessari ástæðu sýknaður af þessari kröfu stefnanda, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, sbr. þó það sem segir hér að neðan.
- 126 Minnismiði 7, sem skráður var af sviðsstjóra [...]náms, hefur nokkra sérstöðu í þessu samhengi. Í þeim minnismiða er rakið símtal sviðsstjórans við stefnanda, sem að líkindum hefur átt sér stað mánudaginn [...] 2021 (raunar sagt hafa gerst [...] sem getur eðli máls samkvæmt ekki staðist). Stefnandi hefur ekki andmælt því að umrætt símtal hafi átt sér stað eða sagt að rangt hafi verið eftir honum haft. Þá verður ekki séð að þær upplýsingar sem fram komi í frásögn sviðsstjórans af símtalinu geti talist viðkvæmar eða meiðandi fyrir stefnanda. Er með hliðsjón af því og að öðru leyti með

vísan til þess sem rakið var hér að framan ekki fallist á kröfu stefnanda um að dómur mæli svo um að þessum minnismiða verði eytt.

Um miskabótakröfu stefnanda

127 Stefnandi gerir í þriðja lagi kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða honum miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru hans, sem fólst í ákvörðun skólameistara B um að áminna stefnanda og málsmeðferð tengdri þeirri ákvörðun.

128 Í athugasemdum með frumvarpi til skaðabótalaga, er varð að skaðabótalögum, sagði að í skilyrðinu um ólögmeta meingerð samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga fælist að um saknæma hegðun væri að ræða. Gáleysi myndi þó þurfa að vera verulegt til þess að tjónsatvik yrði talið ólögmet meingerð. Af dómafordæmum Hæstaréttar má ráða að lægsta stig gáleysis uppfylli ekki kröfu þessa ákvæðis um ólögmeta meingerð, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 678/2014.

129 Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að áminning stefnanda skuli ekki ógilt á þeim forsendum að hún hafi verið byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum, að lýsing á því atviki sem um ræðir hafi verið röng eða ósönnuð, eða á þeim forsendum að málsmeðferð í málinu hafi verið ábótavant. Þá var eigi heldur fallist á að stefnandi væri réttur aðili að kröfu um eyðingu minnispunkta skólameistara, minnisblöðum aðstoðarskólameistara og minnismiðum sviðsstjóra [...]náms. Með sömu rökum og þar voru greind verður hvorki séð að um saknæma eða ólögmeta háttsemi hafi verið að ræða af hálfu starfsmanna stefnda, gagnvart stefnanda, né að um ólögmeta meingerð hafi verið að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af kröfu stefnanda um miskabætur.

Niðurlag

130 Með hliðsjón af framangreindu og atvikum öllum, svo og með vísan til 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, þykir rétt að málskostnaður falli niður á milli aðila í málinu og að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af því.

131 Stefnandi flutti mál sitt sjálfur en hann er ólöglerður. Dómari gætti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart stefnanda, sbr. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991.

132 Af hálfu stefnda flutti málið Soffía Jónsdóttir lögmaður.

133 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, A, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson